

## Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar

Hafnarfirði 06. desember 2012

**Bæjarstjórinn í Hafnarfirði  
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir  
og Bæjarráð**

### Styrkbeiðni.

Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar hefur undanfarna áratugi safnað framlögum og úthlutað styrkjum til fjárhagslega illa settra fjölskyldna fyrir jól.

Í Mæðrastyrksnefnd eru sex konur sem koma úr kvenfélögum í Bandalagi kvenna í Hafnarfirði ein frá hverju félagi.

Öll störf eru unnin í sjálfboðavinnu.

Fyrir síðustu jól fengu rúmlega 240 fjölskyldur aðstoð frá nefndinni en bak við þá tölu eru rúmlega 600 einstaklingar yfir 300 umsóknir bárust en með aðstoð Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði gátum fundið þá einstaklinga sem sannanlega þurftu á aðstoð að halda.

Undanfarin þrjú ár höfum við einungis úthlutað matarkortum sem við kaupum eða fáum gefin. Hefur það mælst vel fyrir og nýst vel.

Nefndinni hefur ávallt verið sýndur velvilji og veittur styrkur.  
Leitum við til ykkar enn á ný með ósk um styrk fyrir jólaúthlutun 2012.

**Reikningsnúmer nefnarinnar er 1101-05-760686 Kt:470577-0399**

Úthlutun fer fram ca:10 dögum fyrir jól.


Með von um góðar undirtektir og fyrirfram þakklæti.

**Virðingafyllst  
Fh.Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar**

**<Hrafnhildur Þórarinsdóttir  
formaður.**

**S:898-4266**

**Netfang: maedrastyrksnefnd@simnet.is**

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	7.12.2012
Málsnr:	1212057
Bréfal:	326